

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gissur Pétursson frá Vinnumála- stofnun, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Rannveigu Sigurðardóttur frá ASÍ, Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands og Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem ákvarðist við afgreiðslu fjárlaga hvers árs, verði varið til þriggja ára átaks í fræðslumálum ófaglærðra. Er frumvarpið í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og forvígismanna atvinnurekanda um fyrrnefnt fyrirkomulag í kjölfar samkomulags Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðn- verkafólks (nú Starfsgreinasamband Íslands) hins vegar síðastliðið vor um fræðsluátakið.

Nefndin bendir á að eingöngu er um tímabundið átak að ræða sem ekki er fordæmis- gefandi og leggur áherslu á að þessi leið verði ekki almennt farin í starfsmenntunarmálum, enda gilda sérstök lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Þá vill nefndin benda á nauðsyn þess að komið verði á því kerfi sem samkomulag varð um til að tryggja að fjármunir séu vel nýttir og að í lok átaksins verði óháður aðili fenginn til að leggja mat á árangur verkefnisins og hvaða ávinningi það hafi skilað atvinnulífinu.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að verkefnið er þegar hafið og var m.a. nefnd til sögunnar íslenskukennsla fyrir útlendinga og lýsir nefndin ánægju sinni með það verðuga verkefni.

Loks vill nefndin benda á að huga þarf að stöðu fleiri hópa launamanna, ekkí síst banka- starfsmanna, vegna breytts starfsumhverfis.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við löggin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands

Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem nú mynda Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.

Alþingi, 14. des. 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir,
form., frsm.

Kristján Pálsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jónas Hallgrímsson.

Jónína Bjartmarz.

Pétur H. Blöndal.

Ásta R. Jóhannesdóttir,
með fyrirvara.

Guðrún Ögmundsdóttir,
með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon,
með fyrirvara.